

2. fundur stjórnar AÐ, starfsárið 2018-2019

haldinn að Garðarsbraut 5 Húsavík þriðjudaginn 30. október 2018 kl. 15:00.

Mætt: Aðalheiður Björg Halldórsdóttir, Aðalsteinn Árni Baldursson, Guðmundur Halldórsson, Guðmundur Vilhjálmsson og Jóna Björg Arnarsdóttir. Einnig Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Á fundi gerðist þetta:

Formaður, Aðalsteinn Á Baldursson, setti fund og stjórnaði honum.

1. Starfs- og rekstraráætlun 2019

Farið yfir drög að starfsáætlun 2019 sem unnin hafa verið af starfsmönnum og byggir á stefnumótun félagsins, skilgreindum megin starfsáherslum stjórnar og samstarfssamningi við Byggðastofnun. Stjórnin samþykkir að fela starfsmönnum að vinna áfram að útfærslu starfsáætlunarinnar á þeim forsendum sem fyrir liggja og að endanleg áætlun verði afgreidd af nýrri stjórn sem taka mun við að loknum fulltrúaráðsfundi sem áformað er að halda fyrir lok nóvember.

Farið yfir drög að rekstraráætlun næsta árs sem byggir á þeim starfsmannafjölda sem nú er. Ljóst er að nokkur óvissa er um rekstrarforsendur þar sem kjarasamningar eru lausir frá og með 1. apríl á næsta ári ásamt því að talsverð óvissa er um gengisþróun. Í verðlagsforsendum áætlunarinnar er gengið útfrá forsendum fjárlagafrumvarps fyrir 2019 sem gerir ráð fyrir 6% hækkun launa og 2,9% almennum verðlagshækkunum. Framlög sveitarfélaganna eru reiknuð útfrá þessum forsendum þar sem laun og launatengd gjöld vega um 80% af rekstrarkostnaði félagsins. Heildatekjur eru áætlaðar 56,4 mkr., rekstrargjöld 54,7 mkr. Fjármagnsliðir jákvæðir um 0,5 mkr. og heildarrekstrarafgangur 2,2 mkr. Stjórn samþykkir framlagða rekstraráætlun sem send verður aðildarsveitarfélögunum til afgreiðslu.

2. Tillaga að breyttri 8. gr. samþykktá stofnunarinnar

Formaður gerði grein fyrir vinnu og niðurstöðum sem fyrir liggja varðandi breytingar á 8. gr. samþykktá stofnunarinnar, sem honum og framkvæmdastjóra var falið að vinna að sbr. 5. lið síðasta fundar. Fyrir liggur að framkvæmdastjórn HNP bs. hefur afgreitt breytta 8. gr. samþykktanna og að fenginni afgreiðslu stjórnar verður greinin send stofnaðilum AÐ ses. til kynningar ásamt fundarboði þar sem samþykktarbreytingin og kosning stjórnar verður á dagskrá. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að breyttri 8. gr. samþykktanna og að leggja hana fyrir fulltrúaráðsfund til afgreiðslu.

Jafnframt felur stjórn formanni og framkvæmdastjóra að boða til fulltrúaráðsfundar í samráði við framkvæmdastjórn HNP bs. Samhliða verður boðað til hluthafafundar í AÐ hf. til afgreiðslu nafnabreytingar á hlutafélaginu en það er nauðsynlegt til að sjálfseignarstofnun með sama nafni fái skráð í fyrirtækjaskrá RSK.

3. Málefni Málmíss ehf.

Fyrir liggur fundargerð hluthafa félagsins og gerði framkvæmdastjóri grein fyrir málinu en um er að ræða tillögu um 2 mkr. hlutafjárukningu í félaginu, m.a. til að kaupa 49% hlut í Melmi ehf. sem er í eigu Gold Island en forsvarsmaður þess félags lést fyrir á árinu. Með

kaupunum mun Málmís ehf. eignast Melmi ehf. að fullu en félagið heldur á þeim gulleitarleyfum sem í gildi eru í landinu og tilheyrandi rannsóknargögnum.

Stjórn samþykkir að stofnunin taki þátt í umræddri hlutafjárúkningu í hlutfalli við eignarhlut sinn í félaginu sem er 35%. eða allt að kr. 700 þús. Jafnframt að leitað verði leiða til að selja allan eignarhlut stofnunarinnar í framhaldi af hlutafjárúkningunni.

4. Málefni Mýsköpunar ehf.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málefnum félagsins en tekist hefur að einangra tvo þörunga úr Mývatni til ræktunar. Næstu skref eru uppsetning ræktunarbúnaðar til framleiðslu og mun það krefjast hlutafjárúkningar í félaginu. Stjórn lýsir ánægju með þann árangur sem náðst hefur í félaginu og er jákvæð fyrir áframhaldandi þátttöku í því en mun taka afstöðu til hlutafjárúkningar þegar formlegt erindi liggur fyrir.

5. Önnur mál

- a) Guðmundur Vilhjálmsson vakti máls á umræðunni um varaflugvelli í millilandaflugi og aðkomu AP og svæðisins að þeirri umræðu. Líflegar umræður urðu og ákveðið að félagið myndi áfram fylgjast með og beita sér í því eftir því sem skynsamlegt væri og þá eftir atvikum í samstarfi við aðra aðila.
- b) Framkvæmdastjóri lagði fram áætlun um kostnað við að sækja málþing Nordregio um byggðamál sem fram fer í Lundi í lok nóvember, sbr. lið 5) d) á síðasta fundi. Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri saki málþingið komi hann því við.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:05